

álitast hafa verið eign prestakallsins en ekki kirkjunnar, og eigi því andvirði þeirra að 50
fylgja prestakallinu framvegis sem innstæða.

23. maí.

Þetta tilkynni jeg yður hjermeð þjónustusamlega til þóknanlegrar leiðbeiningar og frekari ráðstöfunar.

2 brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um 51
hlunnindi handa sparisjóðum á Akureyri og í Arnarnesshreppi. — Með brjefum þessum 27. maí.
voru sparisjóðunum á Akureyri og í Arnarnesshreppi í Eyjafjarðarsýslu veitt um 5 ár frá 1. júlí þ. á. að telja, eða til 30. júní 1890, öll hlunnindi þau sem talin eru í tilskipun 5. janúar 1874, með þeim skilyrðum, að trygging sú, sem sparisjóðirnir nú veita, ekki rýrni, að ákvarðananna um reikningsskil í lögum sjóðanna verði nákvæmlega gætt og að forstöðunefnd sjóðanna sendi landshöfðingja á ári hverju eptirrit af ársreikningum sjóðanna. Svo var einnig skipað að skýra landshöfðingja frá, ef breyting yrði gjörð á lögum sjóðanna og, að því er hinn síðarnefnda sjóð snerti, ef skipti yrðu á ábyrgðarmönnum hans.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir norður- og austuramtinu um end- 52
urveitingu hlunninda handa sparisjóði Höfðhverfinga. — Samkvæmt þarum in- 28. maí.
inni beiðni frá forstöðunefnd sparisjóðs Höfðhverfinga endurveitist hjermeð nefndum sparisjóði fyrir næstu 10 ár frá 1. jan. 1886 að telja eða til 31. des. 1895 hlunnindi þau, er samkvæmt tilsk. 5. jan. 1874 voru veitt honum með landshöfðingjabrjefi, dags. 2. des. 1880, og er endurveiting þessi bundin hinum sömu skilyrðum, sem til tekin voru í nefndu brjefi.

Þetta bið jeg yður, herra amtmaður þjónustusamlega að tilkynna forstöðunefnd ofanefnds sparisjóðs.

Brjef landshöfðingja til amtmannsins yfir suðuramtinu og vesturamtinu um 53
skiptingu Leiðvallahrepps. — Með þóknanlegu brjefi, dags. 22. þ. m., hafið þjer, herra 29. maí.
amtmaður, sent hingað erindi sýslumannsins í Skaptafellssýslu þarsem hann fyrir hönd sýslunefndarinnar í Vestur-Skaptafellssýslu og eptir ósk hreppsnefndarinnar í Leiðvallahreppi fer þess á leit, að hinum núverandi Leiðvallahreppi verði skipt í þrjá hreppa, og hafið þjer mælt fram með því, að þessi beiðni verði tekin til greina.

Þareð jeg verð að álíta, að ástæða sje til að fallast á hina umræddu hreppaskiptingu á þann hátt, sem farið hefur verið fram á, skal jeg hjermeð samkvæmt 23. gr. sveitarstjórnartilskipunarinnar frá 4. maí 1872 skipa fyrir á þessa leið:

1. Leiðvallahreppi í Vestur-Skaptafellssýslu skal skipt í þrjá hreppa, þannig
að Meðalland sje hreppur sjer og haldi nafninu *Leiðvallahreppur*;
að Álptaver verði hreppur sjer og nefnist *Álptavershreppur*, og
að Skaptártunga verði hreppur sjer og nefnist *Skaptártunguhreppur*.
2. Öllum eignum, skuldum og ómögum hins núverandi Leiðvallahrepps, þeim sem